

GJALDSKRÁ

fyrir Hirðu, móttöku- og flokkunarstöð úrgangs í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Innheimt verður fyrir móttöku úrgangs sem hér segir:

Almenningur greiðir einungis fyrir úrgang sem ekki getur talist falla til við daglegan heimilisrekstur. Það á t.d. við um: Úrgang frá byggingu eða breytingu íbúðarhúsnæðis og lóða, s.s timbur, grófur og blandaður úrgangur.

Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku alls úrgangs að undanskildum þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslu- eða skilagjald.

Stærð farms:	0,25 (1/4) m ³	0,50 (1/2) m ³	0,75 (3/4) m ³	1 m ³
Gjald:	3.099 kr.	6.130 kr.	9.210 kr.	12.290 kr.

Tekið er við spilliefnum án endurgjalds.

Starfsmaður Hirðu metur magn úrgangs og skrifar nótu á staðnum, þar sem hann og komuaðili kvitta báðir undir magn og gerð úrgangs.

2. gr.

Úrgangur án gjalds flokkaður án aðskotahluta.

Fyrirtæki og almenningur getur skilað öllu endurvinnsluefni til Hirðu gjaldfrítt.

Hafi almenningur ekki kost á að koma á opnunartíma er hægt að skila eftirtöldum úrgangi í lúgur á girðingu Hirðu:

- Pappír og pappi*; s.s dagblöð, tímarit, auglýsingabæklingar, skrifstofupappír, umslög, fernur, morgunkornspakkar, kartonpappír, hólkar innan úr salernispappír, eggjabakkar úr pappa o.fl.
- Bylgjupappi*; pappakassar, pizzakassar o.fl.
- Plast*; sjampóbrúsar, tómatsósubrúsar, skyrdósir, plastbakkar undan matvælum, plastfilma, plastpokar ýmis konar, t.d. utan af brauði, o.fl.
- Málmar*; niðursuðudósir, álpappír, álbox af sprittkertum o.fl.
- Gler og keramik*; smærri hlutir, s.s. blómapottar, ýmislegt gler o.fl.
- Smá raftæki og rafeindatæki*; s.s. brauðristar, hárbłasárar, útvörp, símar o.fl.

Úrgangur skal vera án aðskotahluta og skola og hreinsa þarf burt allar efnaleifar áður en skilað er í lúgur. Áriðandi er að minnka ummál umbúða með því að brjóta saman fernur, öskjur og kassa.

3. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra 9. nóvember 2023 samkvæmt ákvæðum samþykktar um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu Húnaþingi vestra nr. 633/2012 og skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4. gr.

Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2024. Jafnframt er felld brott gjaldskrá sama efnis nr. 1377/2022.

Hvammstanga, 9. nóvember 2023.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir sveitarstjóri.